

## Gistiskýrslur 2012

### *Tourist accommodation 2012*

#### *Samantekt*

Gistinætur voru rúmar 3,7 milljónir hér á landi árið 2012 og fjölgaði um 15,1% frá fyrra ári. Gistinætur erlendra gesta voru um 77% af heildarfjölda gistinátta á árinu. Þeim fjölgaði um 18% frá árinu 2011 en gistinóttum Íslendinga fjölgaði um 6%. Mikil aukning hefur orðið á seldum gistinóttum á undanföllum árum. Þannig hefur heildarfjöldi gistinátta aukist um ríflega eina milljón eða um 36,7% á síðastliðnum 5 árum.

Eins og mörg undanfarin ár gistu Þjóðverjar flestar nætur, þá Bretar og svo Bandaríkjamenn. Gistinóttum Kínverja fjölgaði þó hlutfallslega mest í samanburði við árið 2011 eða um 72%.

Árið 2012 voru 72,1% allra gistinátta á hótelum og gistiheimilum, 13,8% á tjaldsvæðum og 14,1% á öðrum tegundum gististaða.

Gistinóttum fjölgaði í öllum landshlutum en hlutfallslega mest á höfuðborgarsvæðinu, Austurlandi og Vestfjörðum.

#### **Inngangur**

Rannsókn Hagstofunnar tekur til allrar seldrar gistiþjónustu að undanskildum orlofshúsum félagasamtaka, stéttar- og starfsmannafélaga. Gistináttatalning Hagstofunnar er þýðisrannsókn og árið 2012 var beðið um upplýsingar frá 872 gististöðum. Heimtur voru góðar hjá stærri gististöðum en lakari hjá smærri aðilum. Upplýsingar um gistirými sem liggja fyrir nýtast til að áætla gistinætur hjá stöðum sem ekki skila gögnum. Rannsóknin nær til allra gististaða óháð því hvort þeir hafi gistileyfi. Mikil aukning hefur verið á fjölda smærri gististaða eins og heimagististaða og í íbúðagistingu undanfarin ár. Hagstofan telur að gististaðir sem gætu verið vantaddir séu yfirleitt smáir heimagististaðir sem leigja út fá herbergi óreglulega yfir árið og hafa ekki veruleg áhrif á heildarniðurstöður.



## Heildarfjöldi gistinátta

*Gistinóttum fjölgað um 15,1%*

Heildarfjöldi seldra gistinátta var 3.738.511 árið 2012 sem er 15,1% aukning frá árinu 2011 þegar gistinætur voru 3.248.960. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru 2.888.951 eða 77% af heildarfjölda gistinátta og fjölgaði um 18,2% frá fyrra ári. Gistinætur Íslendinga voru 849.560 og fjölgaði um 6% frá 2011.


*Þjóðverjar kaupa flestar gistinætur og mikil aukning er á gestum frá Asíu*

Þjóðverjar kaupa sem fyrr flestar gistinætur en gistinætur þeirra voru 487.300 á síðasta ári. Það er ríflega 15% fjölgun frá árinu 2011. Gistinætur Bretanna voru næstflestar eða 393.000 sem er aukning um 33% frá fyrra ári. Gistinætur Bandaríkjamanna voru 345.000 og gistinætur Frakka 260.000. Gistinóttum Kínverja fjölgaði mest frá fyrra ári fóru úr 13.700 í 23.600 eða um 72% aukning, gistinóttum Japana fjölgaði einnig og fóru þær úr 23.600 í 38.400 eða 63% aukning milli ára. Gistinóttum allra skráðra þjóðerna fjölgaði frá fyrra ári nema gistinóttum Ítala sem fækkaði um 1,5% (sjá töflu 3 á bls. 14).

Flestar gistinætur eru á höfuðborgarsvæðinu eða rúm 45% af heildarfjölda árið 2012. Um 17% gistinátta voru á Suðurlandi og 12% á Norðurlandi eystra. Gistinætur erlendra ríkisborgara eru flestar á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi og það sama á við um gistinætur Íslendinga. Gistinóttum fjölgaði á öllum landsvæðum en þó hlutfallslega mest á höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi (sjá töflu 1 á bls. 12).

### Mynd 1. Gistinætur eftir landsvæðum 2012

Figure 1. Overnight stays by region 2012



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

*45% allra gistinátta er á höfuðborgarsvæðinu*


Eins og áður segir var 45% allra gistinátta á höfuðborgarsvæðinu árið 2012, en þetta hlutfall var 43% árið 2011. Rúmlega helmingur gistinátta erlendra ríkisborgara var á höfuðborgarsvæðinu en 23% gistinátta Íslendinga (sjá töflu 1 á bls. 12 og myndir 5 og 6 á bls. 4 og 5).

*72% allra gistinátta eru á hótélum og gistiheimilum*

Árið 2012 voru 72,1% allra gistinátta á hótélum og gistiheimilum, 13,8% á tjaldsvæðum og 14,1% á öðrum gististöðum, þ.e. farfuglaheimilum, svefnpokagististöðum, heimagististöðum, orlofshúsabyggðum og skálum í óbyggðum.

### Mynd 2. Hlutfall gistinátta eftir tegund gististaða 2012

Figure 2. Percentage of overnight stays by type of accommodation 2012



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.


26% aukning á heimagististöðum

Gistinóttum fjölgaði milli ára á öllum tegundum gististaða nema svefnpokagististöðum og skálum í óbyggðum. Hlutfallslega fjölgaði þeim mest á heimagististöðum eða um 26,2%, á hótélum og gistiheimilum fjölgaði gistinóttum um 17,7% og um 12,6% hjá farfuglaheimilum. Gistinóttum á svefnpokagististöðum fækkaði um 1,9% frá fyrra ári og í skálum í óbyggðum um 2,1% (sjá mynd 2 og töflu 2).

Val á tegund gististaða er nokkuð mismunandi eftir ríkisfangi gesta. Þannig voru 55% gistinátta Íslendinga á hótélum og gistiheimilum og 33% á tjaldsvæðum. Til samanburðar voru gistinætur erlendra gesta í 77% tilvika á hótélum og gistiheimilum og í 8% á tjaldsvæðum (sjá mynd 3, bls. 3 og mynd 4, á bls.4).

### Mynd 3. Gistinætur Íslendinga eftir tegund gististaða 2012


Figure 3. Overnight stays of Icelanders by type of accommodation 2012



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

**Mynd 4. Gistinætur útlendinga eftir tegund gistaða 2012**


Figure 4. Overnight stays of foreigners by type of accommodation 2012



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

**Mynd 5. Gistinætur Íslendinga eftir landsvæðum 2012, allar gerðir gistaða**


Figure 5. Overnight stays of Icelanders by region 2012, all types of accommodation



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

### Mynd 6. Gistinætur útlendinga eftir landsvæðum 2012, allar gerðir gistaða

Figure 6. Overnight stays of foreigners by region 2012, all types of accommodation



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

#### Aukning um milljón gistinætur á 5 árum

Mikil aukning hefur orðið á heildarfjölda gistinátta síðustu fimm ár. Árið 2008 voru gistinætur á öllum tegundum gistaða 2.735.989 en árið 2012 voru þær 3.738.511. Heildarfjöldi gistinátta hefur því aukist um ríflega eina milljón eða um 36,6% á fimm árum. Á þessum tíma hefur gistinóttum erlendra ríkisborgara fjölgað um 49% en gistinóttum Íslendinga um 7%.

#### Hótel og gistiheimili

##### 18% aukning 2012

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði um tæp 18% milli árána 2011 og 2012. Gistinætur voru 2.696.829 á árinu 2012 eða 406.161 fleiri en árið 2011. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru 83% af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum og fjölgaði gistinóttum þeirra um 19% frá fyrra ári á meðan gistinóttum Íslendinga fjölgaði um rúm 12%. Frá árinu 2011 hefur gistirými á hótélum og gistiheimilum aukist, herbergjum fjölgaði um 5,5% og rúmum um 4,5% (sjá töflu 4 á bls. 16).

##### 57% gistinátta á höfuðborgarsvæðinu


Af heildarfjölda gistinátta á hótélum og gistiheimilum árið 2012 voru sem fyrr flestar gistinætur á höfuðborgarsvæðinu eða 57%. Á Suðurlandi voru 13% gistinátta, 10% á Norðurlandi eystra og 8% á Austurlandi (sjá mynd 9 á bls. 7).

##### Mikil aukning á höfuðborgarsvæðinu

Gistinóttum á hótélum og gistiheimilum fjölgaði í öllum landshlutum nema á Norðurlandi vestra þar sem gistinóttum fækkaði um 2%. Hlutfallslega fjölgaði gistinóttum mest á höfuðborgarsvæðinu eða um 21% frá árinu 2011. Á Austurlandi og Suðurlandi fjölgaði gistinóttum um 16%, á Norðurlandi eystra um 15%, 14% á Vestfirðum og um 12% á Vesturlandi (sjá mynd 7 á bls. 6).

### Mynd 7. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2012

Figure 7. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2012




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

37% herbergja á höfuðborgarsvæðinu

Á höfuðborgarsvæðinu eru um 37% af heildarfjölda herbergja á hótélum og gistiheimilum. Suðurland er með 18% herbergja og Norðurland eystra með 14%. Fjöldi hótela og gistiheimila var 366 árið 2012 en var 347 árið 2011 (sjá mynd 8 á bls. 6 og töflu 4 á bls.16).

### Mynd 8. Fjöldi herbergja á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2012


Figure 8. Number of hotel rooms and guesthouses by region 2012



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

### Mynd 9. Gistinætur á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2011

Figure 9. Overnight stays in hotels and guesthouses by region 2011



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

#### Heimtur um 90%

Framboð gistiþjónustu er mest í flokki hótela og gistiheimila. Heimtur upplýsinga um gistináttafjölda á hótélum og gistiheimilum hafa verið um 90% af heildarfjölda gistinátta í hverjum mánuði. Upplýsingar um gistirými eru til fyrir alla staði í þessum flokki. Áætlanir um nýtingu gistirýmis og skiptingu gesta eftir ríkisfangi á gististöðum sem ekki hafa skilað upplýsingum eru því nokkuð öruggar.

#### Hvaða staðir flokkast sem hótél og gistiheimili?

Til hótela og gistiheimila teljast hótél, hótélíbúðir og gistiheimili sem starfa allt árið, svo og sumarhótél og sumargistiheimili. Hér teljast öll hótél og gistiheimili sem eru með sérstaka gestamóttöku og bjóða lágmarks hótélþjónustu þ.e. dagleg þrif á herbergjum og salernum. Auk þess eru í þessum flokki gistiheimili þar sem gistirými er 16 rúm eða fleiri og/eða 8 herbergi eða fleiri. Um 72% þeirra gistinátta sem gistináttatalning Hagstofunnar nær til eru á gististöðum í þessum flokki.

### Hótél

#### Gistinóttum á hótélum fjölga um 21%

Gistinætur á hótélum voru 1.793.850 árið 2012 og fjölgaði um 21% frá fyrra ári. Gistinætur erlendra ríkisborgara voru um 83% af heildarfjölda gistinátta á hótélum og fjölgaði um rúm 18% frá fyrra ári. Gistinóttum Íslendinga á hótélum fjölgaði á sama tíma um 12%.

#### Hlutfallslega mest aukning á Austurlandi 2012

Gistinóttum á hótélum fjölgaði í öllum landshlutum milli ára, mest á Austurlandi um 33% og á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða um 31%. Á höfuðborgarsvæðinu var aukningin 21% milli ára og á Norðurlandi var aukningin 20%. Á Suðurlandi var 18% aukning og á Suðurnesjum fjölgaði um 8% milli ára.

#### Fjöldi hótela 88 árið 2012


Á sama tíma og gistinóttum á hótélum fjölga eykst framboð gistirýmis á hótélum. Fjöldi gististaða sem flokkast sem hótél voru 88 árið 2012 og fjölgaði um fimm frá fyrra ári. Framboð herbergja hefur aukist um 6,8% og fjöldi rúma um 6,6% milli ára (sjá töflu 7 á bls. 20).

Á höfuðborgarsvæðinu eru 57% allra hótélherbergja, 15% á Suðurlandi, 11% á Norðurlandi, 7% á Austurlandi, 5% á samanlögðu svæði Vesturlands og Vestfjarða og 4% á Suðurnesjum (sjá mynd 10 á bls. 8).

Gistiskýrslur berast yfirleitt fljótt og vel frá flestum hótélum. Á hótélum er gestamóttaka opin allan sólarhringinn og morgunverður framreiddur. Fullbúin snyrting skal vera á a.m.k. 75% herbergja. Heimtur gistiskýrslna frá hótélum voru mjög góðar árið 2012.

#### **Mynd 10. Fjöldi herbergja á hótélum eftir landssvæðum 2012**

*Figure 10. Number of hotel rooms by region 2012*




Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

Gistinætur á hótélum árið 2012 voru flestar á höfuðborgarsvæðinu eða um 70%, 11% á Suðurlandi, 8% á Norðurlandi, 5% á Suðurnesjum, 4% á samantölgu svæði Vesturlands og Vestfjarða og 3% á Austurlandi (sjá mynd 11).

#### **Mynd 11. Gistinætur á hótélum eftir landssvæðum 2012**

*Figure 11. Overnight stays in hotels by region 2012*



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.



## Tjaldsvæði


Aukning um 7% frá fyrra ári

Seldar gistinætur á tjaldsvæðum landsins voru 514.700 árið 2012 til samanburðar en 479.400 árið 2011. Gistinóttum á tjaldsvæðum fjölgaði á öllum landssvæðum nema á Vesturlandi þar sem gistinóttum fækkaði um 2% á milli ára. Gistinætur Íslendinga voru 54% af heildarfjölda gistinátta á tjaldsvæðum og fjölgaði um 2% frá fyrra ári á meðan gistinóttum erlendra ríkisborgara fjölgaði um 13%. Gistinóttum á tjaldsvæðum fjölgaði hlutfallslega mest á Vestfjörðum eða um 23%, á Austurlandi um 21%, 13% á samanlögðu svæði höfuðborgar og Suðurnesja, 9% Suðurlandi og um 5% á Norðurlandi vestra. Gistinætur voru svipaðar milli ára á Norðurlandi eystra en á Vesturlandi fækkaði gistinóttum á tjaldsvæðum um 2% á milli ára.

Fjöldi tjaldsvæða, þar sem gjald er tekið fyrir gistingu, voru 162 árið 2012 og fjölgaði um 5 frá fyrra ári (sjá töflu 8 á bls. 21).

## Mynd 12. Gistinætur á tjaldsvæðum eftir landsvæðum 2012

Figure 12. Overnight stays in camping sites by region 2012



Note: For English translation of regional division, see map of Iceland on page 11.

## Önnur gisting

Til annarra gististaða sem fyrr hafa verið nefndir flokkast farfuglaheimili, svefnpokagististaðir, heimagisting, skálar í óbyggðum og orlofshúsabyggðir. Gistinætur í orlofshúsabyggðum í eigu stéttarfélaganna og félagasamtaka eru ekki meðtaldar hér.

Mikil aukning á heimagististöðum

Gistinóttum á heimagististöðum voru 83.500 á síðasta ári og fjölgaði um 26% frá árinu 2011. Mikil fjölgun hefur verið á heimagististöðum undanfarna ár en í flestum tilfellum eru þetta litlir staðir sem leigja út fá herbergi óreglulega yfir árið. Erfiðlega hefur gengið að ná til allra heimagististaða þannig að gistinætur þeirra eru vantaldar að einhverju leiti sem ætti þó að hafa óveruleg áhrif á heildarniðurstöður.

Árið 2012 voru 221.200 gistinætur á farfuglaheimilum sem er fjölgun um 13% frá árinu 2011. Á svefnpokagististöðum voru hins vegar 21.532 gistinætur á síðasta ári og fækkaði um 2% frá fyrra ári. Erlendir gestir keyptu um 75% allra seldra gistinátta á farfuglaheimilum á meðan hlutfall Íslendinga og erlendra gesta er nokkuð jafnt á svefnpokagististöðum.

Gistinóttum í orlofshúsabyggðum, öðrum en þeim sem reknar eru af stéttarfélögum og félagasamtökum, fjölgaði um 6% frá fyrra ári, voru 141.200 til samanburðar við 133.500 árið 2011.

Gistinóttum í skálum í óbyggðum fækkaði um rúm 2% milli ára, voru 59.546 í fyrra til samanburðar við 60.829 árið 2011. Á Suðurlandi, þar sem flestir skálarnir eru, fækkaði gistinóttum um 7%. Skálar í óbyggðum voru 52 árið 2012 eða tveimur fleiri en árið 2011 og bárust Hagstofunni skýrslur frá þeim flestum. Af þessum skálum voru 28 á Suðurlandi. Til þessa flokks teljast eingöngu þeir gistiskálar þar sem innheimt er gjald fyrir gistingu (sjá töflu 9 á bls. 22).

## Um skýrslugerðina

*Framsetning gagna* Í heftinu eru helstu niðurstöður gistináttatalningar Hagstofu Íslands sýndar í yfirlitstöflum og myndritum fyrir flesta flokka gististaða. Upplýsingar um gistirými, gistinætur, gestakomur eru birtar eftir tímabilum, landsvæðum og þjóðerni gesta. Landinu er skipt í átta svæði: höfuðborgarsvæði, Suðurnes, Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland. Í sumum tilvikum hefur þurft að slá saman tölum fyrir fleiri en eitt svæði ef gististaðir eru of fáir til að unnt sé að birta niðurstöður.

Gistiskýrslum fyrir síðastliðinn mánuð ber að skila inn í upphafi hvers mánaðar. Hagstofan birtir mánaðarlega á heimasíðu sinni tölur um gistinætur á hótélum en ekki fyrir aðra flokka gististaða. Vefstöflur um alla tegundir gististaða er hægt að nálgast á heimasíðu Hagstofunnar undir málaflokknum ferðamál, samgöngur og upplýingataekni.

- Heimtur* Skýrsluskil hafa verið góð frá flestum tegundum gististaða að undanskilinni heimgistingu, en í þeim flokki hefur þurft tímafrekan eftirrekstur. Árið 2012 var um 17,7% af heildarfjölda gistinátta áætlaður en 14,9% árið 2011.
- Trúnaður* Allar upplýsingar eru trúnaðarmál og miðast töflugerðin og önnur upplýsingagjöf við það að niðurstöður verði ekki raktar beint eða óbeint til einstakra aðila.
- Áætlanir* Áætlaður fjöldi gistinátta á gististöðum sem ekki hafa sent Hagstofunni gistiskýrslur er aðallega byggður á vitneskju um gistirými og nýtingu. Á hótélum og gistiheimilum eru áætlanir byggðar á upplýsingum um gistirými, nýtingu á öðrum sambærilegum gististöðum, upplýsingum um fyrri ár, auk annarra upplýsinga. Gistirými er þekkt á öllum gististöðum nema á svefnpokagististöðum og tjaldsvæðum. Áætlun gistinátta á svefnpokagististöðum sem ekki skila skýrslum er aðallega byggð á samtölum við rekstraraðila eða ferðamálafulltrúa, einnig er notast við eldri gögn þar sem þau eru tiltæk. Áætlanir fyrir skála og tjaldsvæði eru einnig byggðar á samtölum, eldri upplýsingum og þróun gistinátta á sambærilegum tjaldsvæðum og skálum.

## English summary


In this issue of Statistical Series, Statistics Iceland publishes accommodation statistics for the year 2012. Results are presented by overnight stays, arrivals by different types of accommodation establishments. Figures are broken down by region and citizenship of guests.

The total number of overnight stays was 3.7 million in the year 2012, which is an 15.1% increase compared with the year 2011. Nights spent by foreign tourists accounted for 77% of the total number of overnight stays in 2012 and increased by 18% compared with previous year. At the same time overnight stays of Icelanders decreased by 6%. From 2011 to 2012 the number of overnight stays increased in all types of accommodation establishments except for sleeping-bag facilities and lodges in the wilderness.

Most overnight stays in 2012 were spent by tourists from Germany, Britain and USA. However, the number of overnight stays of Chinese citizens increased most compared with the previous year, by 72%.

### Mynd 13. Svæðaskipting í skýrslunni

Figure 13. Regional division in this report



**Tafla 1. Framboð gistirýmis og fjöldi gistinátta eftir landsvæðum 2011–2012, allar tegundir gististaða**  
*Table 1. Available accommodation and overnight stays by region 2011–2012, all types of accommodation*

	Fjöldi gististaða <i>Number of acc. establishments</i>	Gistinætur <i>Overnight stays</i>		
		Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
<b>2011</b>	<b>831</b>	<b>3.248.960</b>	<b>804.715</b>	<b>2.444.245</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	120	1.406.960	155.052	1.251.908
Suðurnes <i>Southwest</i>	17	113.188	20.954	92.234
Vesturland <i>West</i>	87	225.756	115.191	110.565
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	86	111.878	45.794	66.084
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	79	123.549	63.877	59.672
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	136	405.733	157.428	248.305
Austurland <i>East</i>	116	293.393	64.177	229.216
Suðurland <i>South</i>	190	568.503	182.242	386.261
<b>2012</b>	<b>872</b>	<b>3.738.511</b>	<b>849.560</b>	<b>2.888.951</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	134	1.681.451	194.323	1487128
Suðurnes <i>Southwest</i>	18	124.875	24.185	100690
Vesturland <i>West</i>	91	242.155	107.535	134620
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	90	129.229	52.167	77062
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	79	127.898	60.027	67871
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	144	451.004	148.240	302764
Austurland <i>East</i>	123	347.644	72.986	274658
Suðurland <i>South</i>	193	634.255	190.097	444158
<b>Breyting milli ára 2011 og 2012, %</b>				
<b>Change between 2011 and 2012, %</b>	<b>4,9</b>	<b>15,1</b>	<b>5,6</b>	<b>18,2</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	11,7	19,5	25,3	18,8
Suðurnes <i>Southwest</i>	5,9	10,3	15,4	9,2
Vesturland <i>West</i>	4,6	7,3	-6,6	21,8
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	4,7	15,5	13,9	16,6
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	0,0	3,5	-6,0	13,7
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	5,9	11,2	-5,8	21,9
Austurland <i>East</i>	6,0	18,5	13,7	19,8
Suðurland <i>South</i>	1,6	11,6	4,3	15,0

**Tafla 2. Fjöldi gistinátta Íslendinga og útlendinga eftir tegund gististaða 2008–2012**

Table 2. Number of overnight stays of Icelanders and foreigners by type of accommodation 2008–2012

	2008	2009	2010	2011	2012	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2011–2012	2008–2012
<b>Allar tegundir gististaða</b>							
<i>All types of accommodation</i>	<b>2.735.989</b>	<b>3.004.629</b>	<b>2.999.025</b>	<b>3.248.960</b>	<b>3.738.511</b>	<b>15,1</b>	<b>36,6</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	793.291	870.384	854.707	804.715	849.560	5,6	7,1
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.942.698	2.134.245	2.144.318	2.444.245	2.888.951	18,2	48,7
<b>Hótel og gistiheimili</b>							
<i>Hotels and guesthouses</i>	<b>1.946.255</b>	<b>2.011.173</b>	<b>2.041.198</b>	<b>2.290.668</b>	<b>2.696.829</b>	<b>17,7</b>	<b>38,6</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	429.153	404.749	405.456	415.552	464.866	11,9	8,3
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.517.102	1.606.424	1.635.742	1.875.116	2.231.963	19,0	47,1
<b>Heimagististaðir</b>							
<i>Private-home accommodation</i>	<b>43.412</b>	<b>53.271</b>	<b>54.248</b>	<b>66.175</b>	<b>83.519</b>	<b>26,2</b>	<b>92,4</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	13.197	15.252	14.602	15.091	16.728	10,8	26,8
Útlendingar <i>Foreigners</i>	30.215	38.019	39.646	51.084	66.791	30,7	121,1
<b>Orlofshúsabyggðir</b>							
<i>Holiday centres</i>	<b>96.536</b>	<b>113.571</b>	<b>110.866</b>	<b>133.525</b>	<b>141.243</b>	<b>5,8</b>	<b>46,3</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	38.582	46.549	42.153	48.440	36.830	-24,0	-4,5
Útlendingar <i>Foreigners</i>	57.954	67.022	68.713	85.085	104.413	22,7	80,2
<b>Farfuglaheimili</b>							
<i>Youth hostels</i>	<b>121.690</b>	<b>159.317</b>	<b>169.641</b>	<b>196.427</b>	<b>221.189</b>	<b>12,6</b>	<b>81,8</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	14.515	16.900	17.611	16.621	19.068	14,7	31,4
Útlendingar <i>Foreigners</i>	107.175	142.417	152.030	179.806	202.121	12,4	88,6
<b>Svefnpokagististaðir</b>							
<i>Sleeping-bag facilities</i>	<b>27.339</b>	<b>30.992</b>	<b>28.607</b>	<b>21.934</b>	<b>21.523</b>	<b>-1,9</b>	<b>-21,3</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	11.706	14.412	10.268	10.896	9.683	-11,1	-17,3
Útlendingar <i>Foreigners</i>	15.633	16.580	18.339	11.038	11.840	7,3	-24,3
<b>Tjaldsvæði</b>							
<i>Camping sites</i>	<b>441.927</b>	<b>568.708</b>	<b>543.948</b>	<b>479.402</b>	<b>514.662</b>	<b>7,4</b>	<b>16,5</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	255.513	340.180	342.347	272.101	277.042	1,8	8,4
Útlendingar <i>Foreigners</i>	186.414	228.528	201.601	207.301	237.620	14,6	27,5
<b>Skálar í óbyggðum</b>							
<i>Lodges in the wilderness</i>	<b>58.830</b>	<b>67.597</b>	<b>50.517</b>	<b>60.829</b>	<b>59.546</b>	<b>-2,1</b>	<b>1,2</b>
Íslendingar <i>Icelanders</i>	30.625	32.342	22.270	26.014	25.343	-2,6	-17,2
Útlendingar <i>Foreigners</i>	28.205	35.255	28.247	34.815	34.203	-1,8	21,3

**Tafla 3. Heildarfjöldi gistinátta og gestakoma eftir ríkisfangi gesta 2008–2012**

Table 3. Total overnight stays and arrivals by citizenship of guests 2008–2012

	2008	2009	2010	2011	2012	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2011–2012	2008–2012
<b>Heildarfjöldi gistinátta</b>							
<i>Total number of overnight stays</i>	<b>2.735.989</b>	<b>3.004.629</b>	<b>2.999.025</b>	<b>3.248.960</b>	<b>3.738.511</b>	<b>15,1</b>	<b>36,6</b>
Íslendingar <i>Iceland</i>	793.291	870.384	854.707	804.715	849.560	5,6	7,1
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.942.698	2.134.245	2.144.318	2.444.245	2.888.951	18,2	48,7
Danmörk <i>Denmark</i>	113.930	122.266	129.359	122.978	129.030	4,9	13,3
Svíþjóð <i>Sweden</i>	98.815	98.890	88.720	103.055	115.631	12,2	17,0
Noregur <i>Norway</i>	87.504	92.493	96.642	114.924	137.268	19,4	56,9
Finnland <i>Finland</i>	30.658	34.029	33.238	37.677	42.363	12,4	38,2
Bretland <i>U.K.</i>	272.349	278.604	261.104	296.579	392.908	32,5	44,3
Írland <i>Ireland</i>	12.601	11.081	10.460	10.078	12.631	25,3	0,2
Þýskaland <i>Germany</i>	334.841	399.311	430.900	422.704	487.345	15,3	45,5
Holland <i>Netherlands</i>	118.054	119.007	117.328	128.032	139.140	8,7	17,9
Belgía <i>Belgium</i>	27.657	35.518	44.855	43.093	46.531	8,0	68,2
Frakkland <i>France</i>	150.923	175.153	180.137	213.706	259.867	21,6	72,2
Sviss <i>Switzerland</i>	54.753	62.524	67.744	69.210	88.333	27,6	61,3
Austurríki <i>Austria</i>	30.615	40.215	41.476	32.476	35.997	10,8	17,6
Ítalía <i>Italy</i>	73.835	88.020	66.523	86.562	85.306	-1,5	15,5
Spánn <i>Spain</i>	70.699	84.635	68.095	89.396	99.428	11,2	40,6
Önnur Evrópulönd <i>Other European Countries</i>	106.478	106.152	117.547	138.115	155.469	12,6	46,0
Bandaríkin <i>U.S.A.</i>	135.725	144.437	160.477	262.672	344.493	31,1	153,8
Kanada <i>Canada</i>	30.627	35.608	40.681	60.922	61.904	1,6	102,1
Mið- og Suður-Ameríka <i>Central and South America</i>	4.806	4.758	4.496	6.329	8.473	33,9	76,3
Japan <i>Japan</i>	20.935	23.098	19.328	23.589	38.406	62,8	83,5
Kína <i>China</i>	10.094	11.118	9.453	13.725	23.631	72,2	134,1
Önnur Asíulönd <i>Other Asia</i>	14.285	20.220	20.047	30.254	45.397	50,1	217,8
Afríka <i>Africa</i>	4.994	4.159	3.714	4.734	7.539	59,3	51,0
Eyjaálfa <i>Australia</i>	10.152	12.125	12.146	15.776	21.954	39,2	116,3
Lönd áður ótalin/Þjóðerni óþekkt <i>Other countries/Unknown</i>	127.368	130.824	119.848	117.659	109.907	-6,6	-13,7

Tafla 3. Heildarfjöldi gistinguáttu og gestakoma eftir ríkisfangi gesta 2008–2012 (frh.)  
 Table 3. Total overnight stays and arrivals by citizenship of guests 2008–2012 (cont.)

	2008	2009	2010	2011	2012	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2011–2012	2008–2012
<b>Heildarfjöldi gestakoma</b>							
<b>Total number of arrivals</b>	<b>1.609.355</b>	<b>1.841.760</b>	<b>1.767.845</b>	<b>1.927.729</b>	<b>2.154.044</b>	<b>11,7</b>	<b>33,8</b>
Íslendingar <i>Iceland</i>	503.338	561.120	543.689	508.362	522.107	2,7	3,7
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.106.017	1.280.640	1.224.156	1.419.367	1.631.937	15,0	47,6
Danmörk <i>Denmark</i>	60.813	64.988	65.146	61.551	64.379	4,6	5,9
Svíþjóð <i>Sweden</i>	42.551	42.928	36.488	44.137	47.690	8,0	12,1
Noregur <i>Norway</i>	38.121	40.569	42.069	50.303	60.113	19,5	57,7
Finnland <i>Finland</i>	12.552	15.207	13.513	15.191	18.162	19,6	44,7
Bretland <i>U.K.</i>	131.772	131.997	119.049	139.643	178.734	28,0	35,6
Írland <i>Ireland</i>	6.701	6.013	5.054	5.153	6.943	34,7	3,6
Þýskaland <i>Germany</i>	204.591	253.958	270.291	264.121	294.920	11,7	44,2
Holland <i>Netherlands</i>	74.832	77.210	68.529	77.143	81.731	5,9	9,2
Belgía <i>Belgium</i>	19.034	26.400	31.181	30.239	31.018	2,6	63,0
Frakkland <i>France</i>	110.803	134.946	131.002	157.746	183.767	16,5	65,9
Sviss <i>Switzerland</i>	36.069	45.405	47.537	48.741	61.833	26,9	71,4
Austurríki <i>Austria</i>	20.614	29.295	29.092	22.251	25.495	14,6	23,7
Ítalía <i>Italy</i>	55.172	69.344	50.313	65.762	66.088	0,5	19,8
Spánn <i>Spain</i>	51.465	65.178	49.288	65.523	72.634	10,9	41,1
Önnur Evrópulönd <i>Other European Countries</i>	52.935	63.779	67.632	81.957	87.769	7,1	65,8
Bandaríkin <i>U.S.A.</i>	66.754	73.340	79.248	127.806	163.229	27,7	144,5
Kanada <i>Canada</i>	17.603	21.934	22.671	32.807	34.609	5,5	96,6
Mið- og Suður-Ameríka <i>Central and South America</i>	2.416	2.343	2.427	3.542	4.611	30,2	90,9
Japan <i>Japan</i>	11.205	12.454	9.842	12.683	21.571	70,1	92,5
Kína <i>China</i>	5.352	6.455	4.940	7.836	13.642	74,1	154,9
Önnur Asíulönd <i>Other Asia</i>	7.740	12.677	12.717	19.971	31.148	56,0	302,4
Afríka <i>Africa</i>	2.219	1.960	2.086	2.322	4.164	79,3	87,7
Eyjaálfa <i>Australia</i>	5.978	6.588	6.831	8.580	11.533	34,4	92,9
Lönd áður ótalin/Þjóðerni óþekkt <i>Other countries/Unknown</i>	68.725	75.672	57.210	74.359	66.154	-11,0	-3,7

**Tafla 4. Framboð gistirýmis og fjöldi gistinátta á hótélum og gistiheimilum eftir landsvæðum 2011–2012**

Table 4. Available accommodation and overnight stays in hotels and guesthouses by region 2011–2012

	Gistirými Available accommodation					
	Fjöldi gististaða <i>Number of acc. establishments</i>	Fjöldi herbergja <i>Number of rooms</i>	Fjöldi rúma <i>Number of bed-places</i>	Gistinætur <i>Overnight stays</i>		
				Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
<b>2011</b>	<b>347</b>	<b>10.077</b>	<b>21.362</b>	<b>2.290.668</b>	<b>415.552</b>	<b>1.875.116</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	87	3.723	7957	1.267.994	149.163	1.118.831
Suðurnes <i>Southwest</i>	11	340	735	100.591	18.578	82.013
Vesturland <i>West</i>	32	726	1.516	103.507	31.868	71.639
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	30	453	1.131	59.905	22.030	37.875
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	24	417	873	55.372	22.448	32.924
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	57	1.413	2.990	229.455	66.322	163.133
Austurland <i>East</i>	47	1.147	2.388	175.522	31.515	144.007
Suðurland <i>South</i>	59	1.858	3.772	298.322	73.628	224.694
<b>2012</b>	<b>366</b>	<b>10.528</b>	<b>22.620</b>	<b>2.696.829</b>	<b>464.866</b>	<b>2.231.963</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	94	3.884	8453	1.534.582	188.497	1.346.085
Suðurnes <i>Southwest</i>	11	390	904	111.185	21.434	89.751
Vesturland <i>West</i>	34	763	1575	116.279	32.774	83.505
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	33	494	1.190	68.364	23.827	44.537
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	24	424	881	54.303	19.995	34.308
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	59	1.482	3.206	264.218	72.025	192.193
Austurland <i>East</i>	50	1.232	2.586	203.130	30.628	172.502
Suðurland <i>South</i>	61	1.859	3.825	344.768	75.686	269.082
<b>Breyting milli 2011 og 2012, %</b>						
<b>Change between 2011 and 2012, %</b>	<b>5,5</b>	<b>4,5</b>	<b>5,9</b>	<b>17,7</b>	<b>11,9</b>	<b>19,0</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	8,0	4,3	6,2	21,0	26,4	20,3
Suðurnes <i>Southwest</i>	0,0	14,7	23,0	10,5	15,4	9,4
Vesturland <i>West</i>	6,3	5,1	3,9	12,3	2,8	16,6
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	-	9,1	5,2	14,1	8,2	17,6
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	0,0	1,7	0,9	-1,9	-10,9	4,2
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	3,5	4,9	7,2	15,2	8,6	17,8
Austurland <i>East</i>	6,4	7,4	8,3	15,7	-2,8	19,8
Suðurland <i>South</i>	3,4	0,1	1,4	15,6	2,8	19,8



**Tafla 5. Gistinætur og gestakomur á hótélum og gistiheimilum eftir ríkisfangi gesta 2007–2011**  
 Table 5. *Overnight stays and arrivals in hotels and guesthouses by citizenship of guests 2007–2011*

	2008	2009	2010	2011	2012	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2011–2012	2008–2012
<b>Heildarfjöldi gistinátta</b>							
<i>Total number of overnight stays</i>	<b>1.946.255</b>	<b>2.011.173</b>	<b>2.041.198</b>	<b>2.290.668</b>	<b>2.696.829</b>	<b>17,7</b>	<b>38,6</b>
Íslendingar <i>Iceland</i>	429.153	404.749	405.456	415.552	464.866	11,9	8,3
Útlendingar <i>Foreigners</i>	1.517.102	1.606.424	1.635.742	1.875.116	2.231.963	19,0	47,1
Danmörk <i>Denmark</i>	90.735	96.350	102.848	97.359	105.911	8,8	16,7
Svíþjóð <i>Sweden</i>	89.793	87.597	79.018	93.250	103.639	11,1	15,4
Noregur <i>Norway</i>	78.530	83.317	88.105	103.081	124.981	21,2	59,2
Finnland <i>Finland</i>	26.753	30.057	29.858	33.843	37.730	11,5	41,0
Bretland <i>U.K.</i>	232.841	247.528	232.152	261.616	351.215	34,2	50,8
Írland <i>Ireland</i>	9.558	8.763	8.186	8.309	8.709	4,8	-8,9
Þýskaland <i>Germany</i>	226.576	265.686	301.285	296.411	349.603	17,9	54,3
Holland <i>Netherlands</i>	81.546	79.869	77.437	84.984	92.181	8,5	13,0
Belgía <i>Belgium</i>	17.252	20.464	27.523	26.497	27.147	2,5	57,4
Frakkland <i>France</i>	95.341	101.777	110.135	134.165	161.597	20,4	69,5
Sviss <i>Switzerland</i>	38.069	40.052	42.916	44.666	59.968	34,3	57,5
Austurríki <i>Austria</i>	20.860	26.662	27.214	21.236	21.842	2,9	4,7
Ítalía <i>Italy</i>	54.723	65.506	47.556	65.053	59.736	-8,2	9,2
Spánn <i>Spain</i>	50.637	56.803	45.904	61.214	66.142	8,1	30,6
Önnur Evrópulönd <i>Other European countries</i>	85.765	76.431	81.468	99.442	113.431	14,1	32,3
Bandaríkin <i>U.S.A.</i>	124.175	127.921	143.137	231.818	309.228	33,4	149,0
Kanada <i>Canada</i>	23.999	25.031	30.469	44.758	44.685	-0,2	86,2
Mið- og Suður-Ameríka <i>Central and South America</i>	4.202	3.966	3800	5520	6570	19,0	56,4
Japan <i>Japan</i>	19.593	20.926	16.911	20.989	35.578	69,5	81,6
Kína <i>China</i>	9.194	9.167	7.761	11.469	19.997	74,4	117,5
Önnur Asíulönd <i>Other Asia</i>	12.763	17.016	17.067	26.591	41.464	55,9	224,9
Afríka <i>Africa</i>	4.622	4.041	3.513	4.105	6.847	66,8	48,1
Eyjaálfa <i>Australia</i>	7.360	8.865	8.646	11.263	16.166	43,5	119,6
Lönd áður ótalin/Þjóðerni óþekkt <i>Other countries/Unknown</i>	112.215	102.629	102.833	87.477	67.596	-22,7	-39,8

Tafla 5. Gistinætur og gestakomur á hótélum og gistiheimilum eftir ríkisfangi gesta 2008–2012 (frh.)  
 Table 5. Overnight stays and arrivals in hotels and guesthouses by citizenship of guests 2008–2012 (cont.)

	2008	2009	2010	2011	2012	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2011–2012	2008–2012
<b>Heildarfjöldi gestakoma</b>							
<b>Total number of arrivals</b>	<b>1.076.364</b>	<b>1.138.488</b>	<b>1.129.624</b>	<b>1.279.629</b>	<b>1.468.846</b>	<b>14,8</b>	<b>36,5</b>
Íslendingar <i>Iceland</i>	270.201	256.599	254.977	262.073	283.467	8,2	4,9
Útlendingar <i>Foreigners</i>	806.163	881.889	874.647	1.017.556	1.185.379	16,5	47,0
Danmörk <i>Denmark</i>	46.333	48.550	50.885	47.790	50.927	6,6	9,9
Svíþjóð <i>Sweden</i>	36.087	34.967	30.515	37.819	39.618	4,8	9,8
Noregur <i>Norway</i>	33.311	34.644	37.569	43.634	53.177	21,9	59,6
Finnland <i>Finland</i>	10.241	12.372	11.104	12.820	14.922	16,4	45,7
Bretland <i>U.K.</i>	106.802	110.968	102.162	118.608	153.065	29,1	43,3
Írland <i>Ireland</i>	4.470	4.346	3.654	4.011	4.181	4,2	-6,5
Þýskaland <i>Germany</i>	132.704	159.073	185.066	179.779	206.246	14,7	55,4
Holland <i>Netherlands</i>	49.381	48.647	43.407	49.800	52.742	5,9	6,8
Belgía <i>Belgium</i>	10.757	13.580	17.476	16.927	16.478	-2,7	53,2
Frakkland <i>France</i>	67.544	72.938	76.903	93.683	111.550	19,1	65,2
Sviss <i>Switzerland</i>	23.723	27.266	29.050	30.106	40.293	33,8	69,8
Austurríki <i>Austria</i>	13.294	18.678	18.443	13.323	14.617	9,7	10,0
Ítalía <i>Italy</i>	39.739	50.370	35.469	47.689	45.260	-5,1	13,9
Spánn <i>Spain</i>	34.996	41.866	31.507	42.540	45.717	7,5	30,6
Önnur Evrópulönd <i>Other European countries</i>	37.634	39.870	40.296	52.977	56.477	6,6	50,1
Bandaríkin <i>U.S.A.</i>	59.006	61.618	68.041	108.163	141.117	30,5	139,2
Kanada <i>Canada</i>	12.561	14.068	15.825	21.999	23.496	6,8	87,1
Mið- og Suður-Ameríka <i>Central and South America</i>	1.959	1.862	2046	3033	3362	10,8	71,6
Japan <i>Japan</i>	10.293	11.211	8.648	11.264	19.880	76,5	93,1
Kína <i>China</i>	4.678	4.922	3.773	6.082	11.212	84,3	139,7
Önnur Asíulönd <i>Other Asia</i>	6.542	10.326	10.704	17.227	28.337	64,5	333,2
Afríka <i>Africa</i>	1.895	1.852	1.936	1.949	3.737	91,7	97,2
Eyjaálfa <i>Australia</i>	4.065	4.386	4.782	5.905	8.357	41,5	105,6
Lönd áður ótalin/Þjóðerni óþekkt <i>Other countries/Unknown</i>	58.148	53.509	45.386	50.428	40.611	-19,5	-30,2

**Tafla 6. Fjöldi gistinguáttu á hótélum og gistiheimilum eftir mánuðum 2008–2012**  
 Table 6. *Overnight stays in hotels and guesthouses by month 2008–2012*

	2008	2009	2010	2011	2012	Breyting milli ára, % Change between years, %	
						2011–2012	2008–2012
<b>Alls Total</b>	<b>1.946.255</b>	<b>2.011.173</b>	<b>2.041.198</b>	<b>2.290.668</b>	<b>2.696.829</b>	<b>17,7</b>	<b>38,6</b>
Janúar <i>January</i>	66.610	60.616	65.056	63.987	86.740	35,6	30,2
Febrúar <i>February</i>	89.110	80.394	92.986	95.654	128.406	34,2	44,1
Mars <i>March</i>	96.820	94.849	113.145	117.252	160.892	37,2	66,2
Apríl <i>April</i>	107.217	110.763	110.112	139.518	152.571	9,4	42,3
Mái <i>May</i>	153.829	155.226	145.146	165.929	196.957	18,7	28,0
Júní <i>June</i>	258.861	272.518	283.728	318.115	352.937	11,0	36,3
Júlí <i>July</i>	395.992	419.190	420.235	464.730	510.174	9,8	28,8
Ágúst <i>August</i>	353.163	392.333	374.471	416.544	456.359	9,6	29,2
September <i>September</i>	155.407	162.829	154.961	186.562	223.682	19,9	43,9
Október <i>October</i>	119.039	120.566	131.358	145.709	177.017	21,5	48,7
Nóvember <i>November</i>	85.493	80.270	83.689	92.787	140.236	51,1	64,0
Desember <i>December</i>	64.714	61.619	66.311	83.881	110.858	32,2	71,3

**Tafla 7. Framboð gistirýmis og fjöldi gistinátta á hótélum eftir landsvæðum 2011–2012**

Table 7. Available accommodation and overnight stays in hotels by region 2011–2012

	Gistirými Available accommodation			Gistinætur Overnight stays		
	Fjöldi hótela	Fjöldi herbergja	Fjöldi rúma	Alls	Íslendingar	Útlendingar
	Number of hotels	Number of rooms	Number of beds	Total	Icelanders	Foreigners
<b>2011</b>	<b>83</b>	<b>4.905</b>	<b>10.107</b>	<b>1.486.096</b>	<b>271.856</b>	<b>1.214.240</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	33	2.876	6.088	1.036.117	139.689	896.428
Suðurnes <i>Southwest</i>	5	214	432	67.596	14.897	52.699
Vesturland og Vestfirðir <i>West and Westfjords</i>	8	245	480	48.182	17.594	30.588
Norðurland vestra og Norðurland eystra <i>Northwest and Northeast</i>	15	572	1.121	112.253	38.108	74.145
Austurland <i>East</i>	7	265	518	51.888	10.079	41.809
Suðurland <i>South</i>	15	733	1.468	170.060	51.489	118.571
<b>2012</b>	<b>88</b>	<b>5.237</b>	<b>10.777</b>	<b>1.793.850</b>	<b>310.318</b>	<b>1.483.532</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	34	2.983	6.310	1.254.095	176.555	1.077.540
Suðurnes <i>Southwest</i>	5	213	450	72.643	13.999	58.644
Vesturland og Vestfirðir <i>West and Westfjords</i>	10	318	622	63.145	17.918	45.227
Norðurland vestra og Norðurland eystra <i>Northwest and Northeast</i>	15	592	1.157	134.227	40.678	93.549
Austurland <i>East</i>	8	346	679	68.851	11.218	57.633
Suðurland <i>South</i>	16	785	1.559	200.889	49.950	150.939
<b>Breyting milli 2011 og 2012, %</b>						
<b>Change between 2011 and 2012, %</b>	<b>6,0</b>	<b>6,8</b>	<b>6,6</b>	<b>20,7</b>	<b>14,1</b>	<b>22,2</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	3,0	3,7	3,6	21,0	26,4	20,2
Suðurnes <i>Southwest</i>	–	-0,5	4,2	7,5	-6,0	11,3
Vesturland og Vestfirðir <i>West and Westfjords</i>	25,0	29,8	29,6	31,1	1,8	47,9
Norðurland vestra og Norðurland eystra <i>Northwest and Northeast</i>	0,0	3,5	3,2	19,6	6,7	26,2
Austurland <i>East</i>	14,3	30,6	31,1	32,7	11,3	37,8
Suðurland <i>South</i>	6,7	7,1	6,2	18,1	-3,0	27,3

**Tafla 8. Framboð gistirýmis og fjöldi gistinátta á tjaldsvæðum eftir landsvæðum 2011–2012**  
 Table 8. Available accommodation and overnight stays in camping sites by region 2011–2012

	Fjöldi tjaldsvæða <i>Number of camping sites</i>	Gistinætur <i>Overnight stays</i>		
		Alls <i>Total</i>	Íslendingar <i>Icelanders</i>	Útlendingar <i>Foreigners</i>
<b>2011</b>	<b>157</b>	<b>479.402</b>	<b>272.101</b>	<b>207.301</b>
Höfuðborgarsvæði og Suðurnes <i>Capital region and Southwest</i>	5	40.129	4.908	35.221
Vesturland <i>West</i>	21	90.309	76.649	13.660
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	23	24.315	16.459	7.856
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	17	38.261	29.929	8.332
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	29	102.869	64.855	38.014
Austurland <i>East</i>	21	66.322	21.598	44.724
Suðurland <i>South</i>	41	117.197	57.703	59.494
<b>2012</b>	<b>162</b>	<b>514.662</b>	<b>277.042</b>	<b>237.620</b>
Höfuðborgarsvæði og Suðurnes <i>Capital region and Southwest</i>	5	45.182	4.958	40.224
Vesturland <i>West</i>	21	88.417	68.776	19.641
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	23	29.836	20.488	9.348
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	17	39.967	28.863	11.104
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	30	103.577	59.102	44.475
Austurland <i>East</i>	26	80.234	27.983	52.251
Suðurland <i>South</i>	40	127.449	66.872	60.577
<b>Breyting milli 2011 og 2012, %</b>				
<b>Change between 2011 and 2012, %</b>	<b>3,2</b>	<b>7,4</b>	<b>1,8</b>	<b>14,6</b>
Höfuðborgarsvæði og Suðurnes <i>Capital region and Southwest</i>	–	12,6	1,0	14,2
Vesturland <i>West</i>	–	-2,1	-10,3	43,8
Vestfirðir <i>Westfjords</i>	–	22,7	24,5	19,0
Norðurland vestra <i>Northwest</i>	–	4,5	-3,6	33,3
Norðurland eystra <i>Northeast</i>	3,4	0,7	-8,9	17,0
Austurland <i>East</i>	23,8	21,0	29,6	16,8
Suðurland <i>South</i>	-2,4	8,7	15,9	1,8

**Tafla 9. Framboð gistirýmis og fjöldi gistinátta í skálum og á tjaldsvæðum í óbyggðum 2011–2012**

Table 9. Available accommodation and overnight stays in lodges and camping sites in wilderness 2011–2012

Gistirými Available accommodation	Fjöldi skála Number of lodges	Gistinætur Overnight stays		
		Alls Total	Íslendingar Icelanders	Útlendingar Foreigners
<b>Skálar Lodges</b>				
<b>2011</b>	<b>50</b>	<b>60.829</b>	<b>26.014</b>	<b>34.815</b>
Þar af Suðurland Thereof in the South	27	46.731	21.268	25.463
<b>2012</b>	<b>52</b>	<b>59.546</b>	<b>25.343</b>	<b>34.203</b>
Þar af Suðurland Thereof in the South	28	43.387	17.786	25.601
<b>Breyting milli 2011 og 2012, %</b>				
<b>Change between 2011 and 2012, %</b>	<b>4,0</b>	<b>-2,1</b>	<b>-2,6</b>	<b>-1,8</b>
Þar af Suðurland Thereof in the South	3,7	-7,2	-16,4	0,5
<b>Tjaldsvæði Camping sites</b>				
<b>2011</b>	<b>23</b>	<b>40.898</b>	<b>5.937</b>	<b>34.961</b>
Þar af Suðurland Thereof in the South	12	32.828	4.712	28.116
<b>2012</b>	<b>23</b>	<b>40.639</b>	<b>5.086</b>	<b>35.553</b>
Þar af Suðurland Thereof in the South	12	31.307	3.778	27.529
<b>Breyting milli 2011 og 2012, %</b>				
<b>Change between 2011 and 2012, %</b>	–	<b>-0,6</b>	<b>-14,3</b>	<b>1,7</b>
Þar af Suðurland Thereof in the South	–	-4,6	-19,8	-2,1
<b>Alls óbyggðir Total in wilderness</b>				
<b>2011</b>	<b>71</b>	<b>101.727</b>	<b>31.951</b>	<b>69.776</b>
Þar af Suðurland Thereof in the South	39	79.559	25.980	53.579
<b>2012</b>	<b>73</b>	<b>100.185</b>	<b>30.429</b>	<b>69.756</b>
Þar af Suðurland Thereof in the South	39	74.694	21.564	53.130
<b>Breyting milli 2011 og 2012, %</b>				
<b>Change between 2011 and 2012, %</b>	<b>2,8</b>	<b>-1,5</b>	<b>-4,8</b>	<b>0,0</b>
Þar af Suðurland Thereof in the South	–	-6,1	-17,0	-0,8



**Hagfíðindi** **Ferðamál, samgöngur og upplýsingatækni**  
**Statistical Series** ***Tourism, transport and IT***

98. árg. • 11. tbl.

2013:1

ISSN 0019-1078

ISSN 1670-4576 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4584 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 1.300 • € 11

Umsjón *Supervision* Hildur Kristjánsdóttir • hildur.kristjansdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)